

42. Svínabú
43. Kanínurækt og kanínuhald
44. Hestahald
45. Dýraspítalar
46. Hunda- og kattageymslur
47. Gæludýraverslanir
48. Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir
49. Bifreiða- og vélaverkstæði
50. Smurstöðvar
51. Vöruflutningamiðstöðvar
52. Biðstöðvar leigubifreiða
53. Bið- og endastöðvar strætisvagna
54. Stórar spennistöðvar
55. Stórar vörugeymslur
56. Líkbrennslur
57. Skotvellir
58. Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
59. Æfingasvæði slökkviliðs
60. Þvottahús
61. Gámastaðir, gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
62. Endurvinnsla úrgangs
63. Gasbirgðastöðvar
64. Annar sambærilegur rekstur

Nr. 77

14. febrúar 1994

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 453/1988.

1. gr.

E-liður 52. gr. samþykktarinnar fellur brott.

2. gr.

62. gr. samþykktarinnar hljóðar svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Hafnarstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
3. *Skóðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
4. *Skrifarar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
5. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
6. *Stjórn veitustofnana*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Veitustofnun fer með mál-fni hitaveitu og vatnsveitu. Veitustofnun er ætlað að sjá um rafveitu og virkjanir ef

bærinn hefur slíkan rekstur.

7. *SSA*. Fulltrúa og varafulltrúa á fundi samkvæmt lögum *SSA*.
 8. *Flugfélag Austurlands*. Einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi á aðalfund samanber lög félagsins.
 9. *Atvinnuþróunarfélag Austurlands*. Einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi á aðalfund samanber lög félagsins.
 10. *Atvinnuþróunarsjóður Austurlands*. Einn fulltrúi og einn varafulltrúi á aðalfund samanber lög sjóðsins.
- B. Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
 2. *Byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Byggingarnefnd fer og með verkefni skipulagsnefndar skv. skipulagslögum.
 3. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur á hendi eftirlit með atvinnumálum og gerir tillögur um úrbætur í þeim.
 4. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991, verkefni áfengisvarnarnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991, verkefni dagvistar- og leikskólanefndar skv. lögum nr. 48/1991, sbr. og 33. gr. laga nr. 40/1991, verkefni húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979, sbr. og 49. gr. laga nr. 40/1991, verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 28/1991. Öldrunarmál skv. 5. gr. laga nr. 82/1989.
 5. *Heilbrigðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. ákvæðum 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
 6. *Íþrótta- og tómsundaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, samanber samþykkt um íþrótta- og tómsundaráð Seyðisfjarðar. Ráðið hefur umsjón með rekstri íþrótta- mannvirkja bæjarins og gerir tillögur um uppbyggingu á aðstöðu til íþróttaiðkana. Ráðið fer með málefni félagsmiðstöðvar og tómsundastarf unglinga og aldraðra í samvinnu við skóla, íþróttafélög, önnur félagasamtök og félagsmálaráð.
 7. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
 8. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
 9. *Safnanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Safnanefnd skal stuðla að söfnun gamalla muna og vera stjórn Tækniminjasafns til aðstoðar. Einnig fer safnanefnd með stjórn skjalasafns Seyðisfjarðar þegar það verður sett á fót.
 10. *Umhverfismálaráð*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Er fegrunarnefnd fyrir Seyðisfjörð. Fer auk þess með málefni þau sem gróðurverndarnefnd og náttúruverndarnefnd er ætlað skv. lögum nr. 17/1965 og 47/1971.
 11. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
 12. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
 13. *Stjórn sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. og 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
 14. *Húsnæðisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samanber 40. gr. laga nr.

- 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þrír kosnir af bæjarstjórn og tveir tilnefndir af stærstu samtökum launafólks á Seyðisfirði. Nefndin fer með stjórn og samræmingu á félagslegu húsnæði í umboði bæjarstjórnar.
15. *Framtalsnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Framtalsnefnd skal yfirfara álagningu bæjargjalda frá skattstjóra og gera athugasemdir ef þurfa þykir.
 16. *Umferðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Umferðarnefnd hefur forgöngu um skipulag umferðarmála í samráði og samvinnu við byggingar-/skipulagsnefnd.
 17. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
 18. *Búfjárefirlitsmaður*. Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
 19. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
 20. *Heilbrigðismálaráð Austurlands*. Einn fulltrúi og einn varafulltrúi skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
 21. *Samband íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn varafulltrúi á landsþing.
 22. *Stjórn Tækniminjasafns*. Einn aðalmaður og annar til vara. Samkvæmt skipulagsskrá safnsins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur sett samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 281/1980 um flokkun loftfara.

1. gr.

Greinar 4.1.2 og 4.1.3 orðist svo:

4.1.2. Undir deildina „almennt“ í normalflokkum heyrja loftför sem fullnægja einhverjum neðangreindra hönnunarákvæða:

a) Þegar um er að ræða svifflugur og hreyfilsvifflugur:

JAR-22 Sailplanes and Powered Sailplanes, Luftfahrt Bundesamt Lufttüchtigkeitsforderungen für Segelflugzeuge und Motorsegler (LFSM) og British Civil Airworthiness Requirements Section E, Sub-Section E 2.

b) Þegar um er að ræða flugvélar:

US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 23 Airworthiness Standards: Normal, Utility and Acrobatics Category Airplanes.